# 202. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi

Fimmtudaginn 11. apríl 2024.

**Mætt voru**: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem stýrði fundi, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur á fundi var Árni Vilhjálmsson hrl.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:00*. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Næstu skref vegna auglýsingar um starf framkvæmdarstjóra.* Rætt var um vægi hæfnisþátta og einkunnagjöf vegna ráðningar í starf framkvæmdastjóra ráðsins. Framgang ráðningarferlis, aðkomu ráðningarstofu, feril þegar boðað er í viðtal, hverjir sitja viðtalið o.fl. Samþykkt var að óska eftir tilboði frá ráðningarstofunni Hagvangi og mun Ingvar mun heyra í viðkomandi. Stefnt er á að auglýst verði í Morgunblaðinu sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 25. apríl.
3. *Álitamál er varða jarðsetningar, yfirráðarétt yfir leiðum o.fl.* Árni Vilhjálmsson hrl. fór yfir lagalegar hliðar mála er varða hver ræður því hvort jarðsetja megi duftker í leiði annars einstaklings og hver hefur ákvörðunarrétt til að ráðstafa fráteknu leiði sem ekki er skráð á kennitölu eða nafn. Ekkert ákvæði í kirkjugarðalögum nr. 36/1993 tekur á þessu. Skoða þarf önnur ákvæði í núgildandi og eldri lögum sem miða má við og beita svokallaðri lögjöfnun. Í 2. gr. gildandi kirkjugarðalaga segir að ef hinn látni hefur ekki látið í ljós vilja sinn um brennslu eða greftrun ákveður eftirlifandi maki (sambúðaraðili) og niðjar (kjörniðjar) slíkt. Ef einstaklingur var ósjálfráða er hann féll frá tekur lögráðamaður hans þessa ákvörðun. Ef ekki lögráða einstaklingur átti ekki maka né börn, taka foreldrar og systkin hans ákvarðanir í þessu efni. Í 47. gr. sömu laga sem fjallar um tilfærslu líka í grafreitum, eru tilgreindir sömu aðilar í sömu röð, þ.e. maki , börn, foreldrar og systkini. Í eldri kirkjugarðalögum frá 1963 er þessi sama regla sett fram en þar er jafnframt undirstrikuð röð þeirra sem ákvörðunarvaldið hafa. Rætt var um hvað gerist ef niðjar eru ósammála, en þá ræður einfaldur meirihluti. Þegar kirkjugarðalög verða endurskoðuð ætti að setja almenna grein í lögin sem tekur á þessum álitamálum. Þar til það gerist væri gott að fá úrskurð frá Kirkjugarðaráði eða dómsmálaráðuneyti sem gæti verið fordæmisgefandi. Óskað var eftir að Árni skrifi minnisblað og skýri „verklagsreglur“ um ákvörðunarvald í málum sem þessum. Minnisblað Árna mætti svo kynna á kirkjugarðaþingi. Ingvar og Smári efna í beiðni um vinnslu minnisblaðsins sem Ragnhildur formgerir og sendir Árna.

4. *Kynning á starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.* Ingvar kynnti stefnumótun sem unnin hefur verið í vetur, nýtt skipurit og önnur málefni KGRP.
5. *Framlag ríkisins til kirkjugarða – ársreikningur 2023*. Smári kynnti og ársreikningur svo undirritaður af öllum fulltrúum í Kirkjugarðaráði.
6. *Næsti fundur.* Fimmtudaginn 16. maí kl. 13:00, staðsetning verður ákveðin síðar.
7. *Önnur mál.* Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 15:10.